

Sp. 258. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]
um stjórnmalasamband við Austur-Þýzkaland.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka upp formlegt stjórnmalasamband við austurþýzka lýðveldið — Deutsche Demokratische Republik.

G r e i n a r g e r ð .

Austur-Þýzkaland hefur um langt skeið verið í hópi helztu viðskiptalanda Ís-
lendinga. Það hefur verið talin sjálfsögð regla í skipulagi utanríkisþjónustunnar,
að við hefðum formlegt stjórnmalasamband við helztu viðskiptalönd okkar, og er
Austur-Þýzkaland eina undantekningin frá þeirri reglu. Ástæðan er sem kunnugt er
sú, að til skamms síma höfðu vesturþýzk stjórnarvöld þá afstöðu að hafna stjórn-
malasambandi við ríki, önnur en Sovétríkin, sem viðurkenndu austurþýzka lýð-
veldið, og hafa íslensk stjórnarvöld beygt sig fyrir því valdboði. Nú hafa vesturþýzk
stjórnarvöld hins vegar horfið frá þessari stefnu og hafa í staðinn leitað mjög eftir
því að ná formlegu stjórnmalasambandi við ríki, sem áður höfðu viðurkennt Austur-
Þýzkaland. Þannig hafa Vestur-Þjóðverjar tekið upp stjórnmalasamband við Rúm-
eníu og nú síðast við Júgóslavíu, enda þótt stjórnmalasambandi við síðartalda ríkið
væri slitið fyrir nokkrum árum vegna viðurkenningar á Austur-Þýzkalandi. Því
hafa íslensk stjórnarvöld ekki lengur ástæðu til að óttast viðurlög af hálfu Vestur-
Þjóðverja, þótt við tökum upp sömu samskipti við Austur-Þýzkaland og önnur
helztu viðskiptaríki okkar.